

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1466  
komudagur 23.2.2011

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 22. febrúar 2011


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum. Lagt fyrir á Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011. Þingskjal 487-377. mál.**

Frumvarpi þessu er m.a. ætlað að styrkja rétt þeirra fatlaðra eigenda leiðsögu- eða hjálparhunda sem búa í fjöleignarhúsum (33.gr.d.). Að baki hverjum hjálparhundi liggur mikil vinna og þjálfun og eins og staðan er í dag eru eigendur þeirra háðir samþykki allra í fjöleignarhúsum til að fá að búa þar með hundinn sinn. Gefur auga leið að slík óvissa er óásættanleg.

Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra hefur lesið yfir framlagt frumvarp og fagnar þeirri réttarbót sem í frumvarpinu felst. Viljum við líka láta í ljós ánægju okkar yfir því að ekki sé eingöngu hugsað til leiðsöguhunda sjónskertra heldur sé líka tekið tillit til þess að hjálparhundar geta nýst hreyfihömluðum einstaklingum.

Virðingarfyllst,

f.h. Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra



Grétar Pétur Geirsson, formaður